

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Minnisblað vegna flutnings félagsstarfs í Brúarland

Dags: 14. ágúst 2024

Málsnúmer: 202407116/0.0

Sendandi: Sigurbjörg Fjölnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Forsaga:

Þann 29. febrúar sl. samþykkti bæjarráð að heimila velferðarsviði afnot af Brúarlandi fyrir félagsstarf í kjölfar þarfagreiningar velferðarsviðs fyrir framtíðarhúsnæði félagsstarfsins skv. samþykkt velferðarnefndar 13. febrúar sl.

Greinargerð:

Á síðustu mánuðum hafa átt sér stað endurbætur á 1. og 2. hæð Brúarlands. Á þeim tíma hefur einnig verið skoðað hvort og þá á hvaða hátt hægt væri að flytja alla starfsemi núverandi félagsstarfs úr Eirhömrum yfir í Brúarland, eins og kom einnig fram í tillögu velferðarsviðs til bæjarráðs 29. febrúar sl.

Starfsemi félagsstarfsins sem fram fer í kjallara Eirhamra, það er leirgerð, bókbænd og ýmis önnur starfsemi, er bæði tækjafrek og umfangsmikil. Það er mat velferðarsviðs að sú starfsemi sé áfram best staðsett í kjallara Eirhamra, auk þess sem flókið og kostnaðarsamt mundi reynast að flytja tæki eins og leirofn yfir í Brúarland. Meginsalur félagsstarfsins á 1. hæð Eirhamra mun flytjast yfir í Brúarland og við það skapast aukið rými fyrir dagdvölina sem gefur einnig möguleika á fjölbreyttara úrvali virknitilboða í dagdvölinni. Gert er ráð fyrir því að sú starfsemi sem hefur verið boðið upp á í Hlégarði á þriðjudögum muni haldast óbreytt. Matarþjónusta sem verið hefur í Eirhömrum verður óbreytt sem og hárgreiðsla og fótsnyrting sem er þar til staðar. Við flutning yfir í Brúarland mun því meginstarfsemi félagsstarfsins verða staðsett á þremur stöðum; Brúarlandi, Eirhömrum og Hlégarði.

Félagi aldraðra í Mosfellsbæ (FaMos) hefur verið boðin skrifstofuaðstaða á 1. hæð í Brúarlandi.

Verið er að leggja lokahönd á frágang 1. og 2. hæðar Brúarlands og er gert ráð fyrir að félagsstarfið geti flutt starfsemi sína í kringum næstu mánaðarmót. Við flutningana mun koma betur í ljós hvort og þá hvaða húsbúnað og húsgögn þurfi mögulega að bæta við og verður sú þörf skoðuð í tengslum við fjárhagsáætlun 2025 til að það geti mætt þörfum þess hóps sem sækir félagsstarfið sem best.

Virðingarfyllt,

Sigurbjörg Fjölnisdóttir